

1858.
30. nóvbr.

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtanns á Íslandi um eptirlaun fráskilinnar konu.

Vér höfum ritazt á við innanríkisstjórnina og stjórn hins almenna ekknasjóðs um beiðni þá, er þér, herra stiptamtmaður, senduð oss með bréfi yðru 14. nóvember í fyrra frá O. M. Ch. Thorarensen, dóttur Bonnesens, er lifir skilin frá manni sínum, gullsmið V. Thorarensen, þar er hún mælist til að fá eptirlaun sín, 50 rd. úr ekknasjóðnum og 20 rd. úr ríkissjóðnum, er henni hafa veitt verið 1840 eptir mann sinn látinn, J. Árnason, sýslumann í Suðurbíngeyjarsýslu. Höfum vér nú fengið það svar, að hún geti eigi fengið eptirlaun sín þau úr ríkissjóðnum, af því hún sé eigi ekkja eptir skilnáingi eptirlaunalaganna, en fengið geti hún ekkjupenínga sína eptir fyrra mann sinn úr ekknasjóðnum, 50 rd. ár hvert frá því 24. ágúst í fyrra, þá er hún var skilin við síðari mann sinn að konúngs leyfi.

Þessu skýrum vér yður frá, herra stiptamtmaðnr, að þér auglýsið henni það; vér sendum yður og auglýsing frá stjórn ekknasjóðsins, er vér biðjum yður færa henni; þá látum vér og yður vita, að þenna sama dag höfum vér boðið landfógetanum að greiða henni þá 50 rd. úr jarðabókarsjóðnum, svo sem venja er til og gegn fullkomnum heimildarskýrteinum.

20. desbr.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til ráðgjafa hertoga-dæmanna Holtsetlands og Láenborgar um eið skipstjóra.

Hið konúnglega ráðaneyti fyrir hertogadæmin Holtsetland og Láenborg hefir sent oss með bréfi sínu, dagsettu 15. október í haust, íslenzkt leiðarbréf, er notað var handa skipinu Activ frá Húsum; með bréfinu fylgdi og skýrsla frá bæjarráðinu í Altóna um apturskilun leiðarbréfsins. Hið konúngl. ráðaneyti getur nú þess, að Lodberg skipstjóri hafi unnið eið í nærveru bæjarráðsins í Altóna eptir fyrirmælum 7. gr. í opnu bréfi 28. marz 1787, en segir það ætlun sína, að eiðstafur sá